

— *Brjef* innanríkisstjórnarinnar til landshöfðingja um póstsendingar með póstgufuskipinu. — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 13. f. m., skal ekki látið undan falla þjónustusamlega að skýra yður frá, að skipað hafi verið yfirpóstmeistaraembættinu hjer í bænum og póstafrgreiðslunni í Þórshöfn að skiptast á þetta ár með póstgufuskipinu brjefa- og böggulpóstskrám ekki að eins við póstafrgreiðslumennina á Seyðisfirði, Akureyri, Ísafirði, Stykkishólmi og við póststofuna í Reykjavík, heldur og við póststofurnar á Eskifirði, Vopnafirði, Húsavík, Þingeyri og Bíldudal. Auk þess hefir verið skipað að tjeðum póststofum það sem við þarf um ráðstöfun á sendingum til Sauðárkróks og Flateyrar.

72  
14. apríl.

— *Brjef* landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um greiðslu á vínfangatolli. — Í þóknanlegu brjefi dags. í gær hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt frá, að skip eitt, að nafni «Anine», skipstjóri Rasmussen, sem á að fara til Skagastrandar, og hefir orðið fyrir miklum hrakningum, hafi hleypt hjer inn, og því getað orðið umtalsmál, hvort heimta skuli toll hjer af þeim vínföngum, sem á skipinu eru, með því tilsk. 26. febr. 1872 heimti, að það sje gjört þar, sem sýna skuli lögreglustjóranum leiðarbrjefið og hin önnur skipaskjöl, og hafið þjer þess vegna leitað úrlausnar minnar um þetta efni, en jafnframt látið það álit yðar í ljósi, að með því skipstjórinn, þó hann eigi að sýna hjer nokkuð af skipaskjölunum, að yðar hyggju hvorki þurfi að sýna leiðarbrjefið nje tollskrána, geti hann ekki að lögum verið skyldur til að greiða tollinn hjer.

73  
24. apríl.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, að þar eð hvert skip samkvæmt 8. gr. laga 15. apríl. 1854 á að sýna skjöl sín og láta rannsaka þau og rita á þau á þeim stað, þar sem það kemur fyrst, en tollinn ber að heimta þar sem það fyrst á að sýna skipaskjölin, án tillits til þess, þó það eigi þá þegar þurfi að hafa meðferðis eður sýna íslenzkt sjóleiðarbrjef (sjá brjef ráðgjafans fyrir Ísland 26. maí f. á.), þá ber að heimta hjer í Reykjavík toll af ölföngum þeim, er ofan nefnt skip hefir meðferðis.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um styrk úr landssjóði til að eignast þilskip. — Út af bönarbrjefi því, er sent var hingað með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 27. janúar þ. á., og þar sem eigendur skipsins Olgu frá Vestmannaeyjum, er frakkneskt fiskiskip sigldi í kaf í fyrra, fara þess á leit, að þeim verði veittur úr viðlagasjóði eða styrktarsjóði Íslands svo mikill styrkur sem unnt er, til þess að þeir geti eignast nýtt skip, jafnstórt og Olga var, skal til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að ráðgjafinn sjer sjer ekki fært að veita það, sem um hefir verið sótt.

74  
21. apríl.

— *Brjef* innanríkisstjórnarinnar til landshöfðingja um gufuskiptferðirnar milli Íslands og Danmerkur. — Um leið og vísað er til ferða-áætlunar þeirrar um árið 1877 fyrir póstskip þau, er fara milli Danmerkur, Skotlands, Færeyja og Íslands, er þjer fenguð nokkur exemplör af á sínum tíma, skal ekki látið undan falla að skýra yður frá, að ófyrirsjáanleg atvik gerðu það nauðsynlegt að láta gufuskiptið Valdemar fara aðra ferð Arktúrusar á þessu ári, og munu líklega einnig ferðir þær, er Arktúrus samkvæmt nefndri áætlun á eptir, verða farnar af Valdemar.

75  
12. maí.

Hinn 27. júní 1877.